

Landbúnaður á Suðurlandi

Hér er leitast við að draga upp heildarmynd af þeirra starfsemi á Suðurlandi sem tengist landbúnaði, landnýtingu og fiskeldi, byggt á upplýsingum frá Hagstofu og Matvælastofnun.

Landnýting – hlutföll og fjöldi virkra býla

Árið 2010 var 16% af flatarmáli Íslands nytjað

Tafla 1

Hagstofutölur fyrir árið 2010			Hlutfall Suðurlands í völdum greinum landnytja og fjöldi býla							
Hektarar nytjaðs lands - skipting á landshl. - niðurstöður úr landbúnaðarrannsókn			Kornr. sv.	Kartöflu-sv.	Græn-meti	Blóma. Sv.	Garð-plöntur	Nytja-skógsv.	Virki býli	
Austurland	324.952	20,1%	6,9%	12,8%	2,4%	0,0%	0,0%	37,4%	292	11%
Höfuðb.sv og Suðurnes	16.611	1,0%	3,1%	0,0%	0,9%	0,0%	35,7%	0,1%	67	3%
Norðurland eystra	298.033	18,4%	13,9%	15,6%	6,1%	0,0%	0,0%	16,2%	430	17%
Norðurland vestra	289.254	17,9%	15,0%	0,7%	0,0%	0,0%	0,0%	13,3%	510	20%
Suðurland	335.886	20,8%	50,2%	69,3%	87,3%	100,0%	57,5%	20,3%	770	30%
Vestfirðir	119.919	7,4%	0,7%	0,0%	0,0%	0,0%	0,0%	2,4%	164	6%
Vesturland	231.465	14,3%	10,3%	1,6%	3,3%	0,0%	6,7%	10,4%	359	14%
Heild landið - hlutf. Skipting	1.616.119	15,7%	0,33%	0,04%	0,01%	0,00%	0,00%	0,72%	2.592	

Landbúnaður í viðum skilningi er stundaður í atvinnuskyni um allt Suðurland í margvíslegri mynd eins og ræktun búpenings, ylrækt til matvæla-, blóma- og garðjurtaframleiðslu, ýmiskonar jarðrækt eins og korn, repja, kartöflur, rófur, gulrætur og kál. Tafla 1. sýnir hve stór hluti lands í hverjum landshluta er nýttur og hvernig. Í heildina er einungis 15,7% landsins nýtt til hverskonar ræktunar. Á Suðurlandi teljast 335 þúsund hektarar vera nýtt, sem er 20,8% landshlutans, álíka og á Austurlandi, þó ólíku sé saman að jafna. Suðurlandið ber af á öllum sviðum landnytja nema yfir nytjaskóga, þar er Austurlandið í forystu.

Af 2. 592 virkum búbýlum á landinu árið 2010 eru 770 þeirra staðsett á Suðurlandinu, 30% allra býla í heild. Nú stendur yfir gagnasöfnun yfir landnýtingu, fjölda býla og flokkun á starfsemi þeirra.

Búpeningur landsmanna – þróun og hlutur Suðurlandsins

Hlutfall Suðurlands af heildarfjölda búpenings landsmanna fer minnkandi

Tafla 2 Þróun búpenings

Fjöldi og samsetning á búpening landsmanna á tilteknum árum og hlutfall Suðurlands												
Ár	1998			2004			2008			2013		
Búpeningur	Heild	Fjöldi og Hlutfall Suðurlands		Heild	Fjöldi og Hlutfall Suðurlands		Heild	Fjöldi og Hlutfall Suðurlands		Heild	Fjöldi og Hlutfall Suðurlands	
Geldneyti	17.643	6.478	37%	15.896	5.948	37%	17.965	6.811	38%	17.417	7.338	42%
Holdakýr	773	221	29%	1.279	346	27%	1.614	483	30%	1.743	631	36%
Kálfar	19.610	7.401	38%	17.111	6.184	36%	19.317	6.860	36%	19.564	7.483	38%
Kvígur	8.255	3.376	41%	5.958	2.363	40%	6.905	2.585	37%	7.023	2.623	37%
Mjólkurkýr	29.219	10.682	37%	24.395	8.874	36%	26.211	9.615	37%	24.714	9.437	38%
Samtals Nautgr.	75.500	28.158	37%	64.639	23.715	37%	72.012	26.354	37%	70.461	27.512	39%
Hross	78.400	27.625	35%	72.222	24.934	35%	77.502	28.005	36%	72.626	26.574	37%
Refir	5.672	215	4%	1.536	102	7%	5	3	60%	18	7	39%
Minkar	37.999	8.501	22%	32.327	6.870	21%	33.806	14.144	42%	38.800	13.000	34%
Sauðfé alls	490.002	98.335	20%	455.398	78.715	17%	457.861	78.147	17%	484.108	83.003	17%
Þar af Ær	381.644	77.196	20%	365.083	62.878	17%	361.485	61.189	17%	379.924	64.542	17%
Varphænsni	166.911	19.788	12%	166.466	26.255	16%	168.515	16.096	10%	215.180	18.191	8%
Svín	3.987	1.361	34%	3.553	691	19%	4.265	1.104	26%	3.651	1.107	30%
Heild	858.471	183.983	21%	796.141	161.282	20%	813.966	163.853	20%	884.844	169.394	19%
Talnaefni þetta er byggt á skýrslum forðagæslumanna í hverjum landshlut. Búfé er talið á haustin eftir slátturð.												

Talnaefni þetta er byggt á skýrslum forðagæslumanna í hverjum landshlut. Búfé er talið á haustin eftir sláturtíð.

Hlutfall Suðurlands á landsvísu er hátt í öllum þeim tegundum búpenings sem tafla 2. sýnir, nema í varphænsnum og sauðfé.

Yfir heildina hefur hlutfall Suðurlands lækkað um tvö prósentustig og munar þar mest um hve heildarfjöldgunin er mikil í varphænsnum annarsstaðar en á Suðurlandi. Athyglisverð fækkun er á fjölda nautgripa í heild en fjölgun holdakúa bendir til að fjölgun sé í farvatninu.

Á meðan minkastofninn á landinu öllu hefur lítið stækkað hefur hann vaxið um rúmlega 50% á Suðurlandi meðan refastofninn er nánast ekkert orðinn.

Sauðfjárstofninn minnkar í heild um 1% yfir þetta árábil og um 16% á Suðurlandi, en er aftur að vaxa þó hann sé ekki orðinn jafnstór og árið 1998.

Suðurlandið í sókn í nautgripa-, hrossa-, og minkarækt –

Tafla 3 Breytingar á samsetningu búpenings

Breyting á búpening í fjölda og hlutfallslega frá 1998- 2013				
Búpeningur	Heild allt landið		Suðurland	
Geldneyti	-226	-1%	860	13%
Holdakýr	970	125%	410	186%
Kálfar	-46	0%	82	1%
Kvígur	-1.232	-15%	-753	-22%
Mjólkurkýr	-4.505	-15%	-1.245	-12%
Samtals Nautgr.	-5.039	-7%	-646	-2%
Hross	-5.774	-7%	-1.051	-4%
Refir	-5.654	-100%	-208	-97%
Minkar	801	2%	4.499	53%
Sauðfé alls	-5.894	-1%	-15.332	-16%
Þar af Ær	-1.720	0%	-12.654	-16%
Varphænsni	48.269	29%	-1.597	-8%
Svín	-336	-8%	-254	-19%
Heild	26.373	3%	-14.589	-8%

Ef reynt er að lesa í þróunina sem tafla 3. sýnir, má segja að Suðurland sé að verða meira leiðandi í nautgripa-, hrossa- og minkarækt en gefa eftir í sauðfjár-, svína- og varphænsnarækt (eggjaframleiðslu).

Athyglisvert hve mjólkurkúm hefur fækkað á landinu öllu á þessum tímabili og sérstaklega athyglisvert fyrir Suðurlandið, mjólkursvæðið, þegar mjög mikil aukning er í eftirspurn mjólkurafurða og mikil endurskipulagning og hagræðing verið í gangi í allri virðiskeðjunni.

Lítið af aðgengilegum upplýsingum fundust um kjúklingaeldi og fengust ekki frá hagsmunaaðilum vegna samkeppnissjónarmiða.

Úrvinnsla landbúnaðarvara er fyrirferðamikil á Suðurlandi. Mjólkurvinnsla Mjólkursamsölnunnar á Selfossi, slátrun og afurðavinnsla Sláturfélags Suðurlands á Selfossi og Hvolsvelli, Reykjararðs á Hellu og Norðlenska matborðið ehf. á Höfn er með matvælavinnslu.

Yfirgnæfandi hlutdeild Suðurlands í ylræktinni

Samkvæmt nýjustu fáanlegu upplýsingum frá Sölufélagi Garðyrkjumanna var **hlutfall sunnlenskra vara** í heildarsölu á grænmeti og kartöflum árið **2009** um **79%**. Borgarfjörður og Axarfjörður voru þá með tæp 17%.

Nýrri upplýsingar voru ekki fáanlegar, hvorki hjá Hagstofu né Samtökum framleiðenda í greininni, og ekkert sem bendir til þess að mikil breyting hafi átt sér stað í þessum vettvangi.

Fiskeldi á Suðurlandi - Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun eru nú samtals 21 fiskeldisstöð með starfs- og rekstrarleyfi, þar af eru 15 í bleikjueldi. Helmingur þeirra er að umfangi 10 tonn og undir í ársframleiðslugetu.. Bleikjueldi hefur aukist sl. 5 ár og þá með stækkun starfandi stöðva og virkjun eldri laxeldistöðva sem búið var að loka sem slíkum. Fiskeldisstöðvarnar eru víða um Suðurlandið, þær stærstu í Ölfusi. Sjá. [Yfirlit fiskeldis á Suðurlandi](#) .

Það kom verulega á óvart hversu lítið og erfitt er að ná í gagnlegar og nýlegar upplýsingar frá hinu opinbera og beinum hagsmunaaðilum.